

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga  
25. fundur föstudaginn 6. desember 2019 kl. 8.30  
Nefndasvið Alþingis.

## FUNDARGERÐ

**Mætt:** Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

### 2. Rafræn kjörskrá.

Vinna við áhættumat rafrænnar kjörskrár er í vinnslu hjá Þjóðskrá Íslands og einnig mat á kostnaði við hana. Rætt um að hvaða tölvubúnað ætti að notast við á kjördag og hvernig tryggja eigi öryggi hans. Í því sambandi rætt um að mögulegt væri að gera samning um leigu tölvubúnaðar. Gera þarf ráð fyrir að hægt verði að nota rafræna kjörskrá, verði fleiri en ein kosning sama kjördaginn.

### 3. Athugasemdir við frumvarpsdrög sem standa út af.

- Ákveðið að landskjörstjórn skili ársskýrslu til ráðherra og einnig skýrslu eftir hverjar kosningar um hvernig til hafi takist við undirbúning og framkvæmd þeirra.
- Ákveðið að setja inn sérstakt ákvæði um verkefni Þjóðskrár Íslands inn í kafla frumvarpsins um stjórnarsýslu kosninga.
- Rætt um 37. gr. frv. sem fjallar um að kosning falli ekki niður þó einn framboðslisti sé í kjöri ( núgildandi 51. gr. laga um kosningar til Alþingis) og hvort ákvæðið eigi að falla brott. Tilgangur ákvæðisins er að gæta að persónukjöri. Í lögum um kosningar til sveitarstjórna segir að sjálfkjörið sé þegar einn listi sé í framboði. Sama regla gildir ef eitt forsetaefni er í framboði. Því er ljóst að framkvæmdin hér á landi hefur verið sú að sjálfkjörið sé ef einn er í framboði. Ljóst að þetta er fjarlægur möguleiki að það verði einn framboðslisti í kjördæmi við alþingiskosningar. Ákveðið að halda ákvæði inni og samræma ekki milli kosninga að þessu leyti.
- 49. gr. frv. um vottorð yfirkjörstjórna um að meðmælendur forsetaefnis séu kosningabærir. Ákveðið að það verði á ábyrgð framboðs að tryggja að meðmælendur hafi kosningarrétt. Landskjörstjórn fari síðan yfir framboðstilkynninguna.
- 51. gr. frv. um að landskjörstjórn standi fyrir víðtækri kynningu á því málefni sem verði borið undir þjóðaratkvæði. Rætt um að þetta ætti ef til

vill að vera í höndum andstæðra fylkinga. Ákveðið að hreyfa ekki við ákvæðinu enda kemur það úr lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna en koma ábendingum á framfæri í skilabréfi.

- 52. gr. um hver tilkynni hverjir séu umboðsmenn framboðslista. Ákveðið að tillaga frumvarpsins um að allir frambjóðendur skrifi upp á umboðsmannatilkynningu sé of stíf. Ákveðið að oddviti listans tilkynni hverjir séu umboðsmenn hans.
- 54. gr. um réttindi umboðsmanna. Orðalag lagfært til að gera það skýrara. Ákveðið að í ljósi þess að stjórnálagssamtök geti fengið aðgang að kjörskrá fyrir kosningar verði þeir að taka með sér tölvu í kjördeild ef þeir vilja nálgast kjörskrá á kjörfundi.
- 57. gr. um réttindi umboðsmanna við talningu atkvæði. Ákveðið að taka út „valinkunna“ í „valinkunnir kjósendur“.

#### **4. Samráð við landskjörstjórn.**

Kristín Edwald, Ingibjörg Ingvadóttir og Björn Þór Jóhannesson komu á fund starfshópsins til að ræða meginefni frumvarpsins.

#### **5. Önnur mál.**

Næsti fundur verður 10. desember 2019 kl. 9.

Fundi slitið kl. 11:10.